

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins, sem viðurkennd er af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 5.850 fyrir íbúðarhúsnæði.

Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni. Sorphirðugjald flokka-anna er sem hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	5.850	7	79.800
2	13.300	8	119.700
3	26.600	9	159.600
4	39.900	10	239.400
5	53.200	11	319.200
6	66.500		

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 222/1996 vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

Umhverfisráðuneytinu, 3. apríl 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Vatnsendaland.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 4. apríl 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994, með síðari breytingum.

Breytingin snertir Vatnsendaland á þann veg að íbúðarsvæði sunnan Dimmuhvarfs er stækkað og dregið úr stærð athafnasvæðis.